

ÚRSKURÐUR
ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 15/2014

Kæra Hagsmunasamtaka heimilanna á ákvörðun Neytendastofu 12. júní 2014.

1. Þann 29. apríl 2015 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 15/2014: Kæra Hagsmunasamtaka heimilanna á ákvörðun Neytendastofu í tilefni af kvörtun samtakanna. Í málinu úrskurða Hildur Dungal, Egill Heiðar Gíslason og Halldóra Þorsteinsdóttir.
2. Með kæru, dags. 7. júlí 2014, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvörðun Neytendastofu í máli kæranda frá 12. júní 2014. Með hinni kærðu ákvörðun var erindi kæranda vísað frá Neytendastofu.
3. Kærandi telur kæruheimild vera í 2. mgr. 4. gr. laga um Neytendastofu nr. 62/2005.

MÁLAVEXTIR

4. Með bréfi, dags. 27. nóvember 2013, kvartaði kærandi til Neytendastofu vegna auglýsingar Samtaka atvinnulífsins undir yfyrskriftinni „Betri líf skjör“. Í kvörtun kæranda kom fram að eftirfarandi texti kæmi meðal annars fram í umræddri auglýsingu: „Laun á Íslandi hafa hækkað þrefalt meira en í viðskiptalöndum okkar á síðustu sjö árum, en það hefur í raun engu skilað. Kaupmáttur launa í dag er minni en 2006 og ástæðan er einföld. Of miklar launahækkanir hafa leitt til verðbólgu sem hefur étið upp ávinninginn.“
5. Í kvörtuninni er rakið að kærandi telji sig eiga aðild að málinu. Kærandi sé frjáls félagasamtök sem gæti hagsmuna íslenskra heimila, meðal annars sem neytenda, og hafi hlotið opinbera viðurkenningu sem slík m.a. með auglýsingu nr. 1320/2011 á grundvelli laga nr. 141/2001 um lögbann og dómsmál til verndar heildarhagsmuna neytenda. Meðal þeirra laga sem falli undir gildissvið slíkra heimilda séu lög nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu en samkvæmt þeim hafi Neytendastofa eftirlit með framkvæmd laganna og hafi heimildir til beitingar ýmissa úrræða í því skyni.
6. Þá kemur fram í kvörtuninni að kærandi telji umrædd lög, sem nái yfir viðskiptahætti og þar á meðal auglýsingar, geti einnig náð til viðskiptahátta eins og þeir birtist í auglýsingum samtaka fyrirtækja sem komi fram fyrir hönd og í umboði aðildarfélaga sinna, að svo miklu leyti sem þau geti jafnframt náð til sambærilegra viðskiptahátta ef þeir væru iðkaðir af viðkomandi aðildarfélögum sínum. Í þessu sambandi er bent á að innan vébanda Samtaka atvinnulífsins séu sjö aðildarfélög. Þar á meðal séu Samtök verslunar og þjónustu og Samtök

fjármálafyrirtækja en aðildarfyrirtæki þeirra séu eðli málsins samkvæmt aðilar sem lög nr. 57/2005 hljóti að geta átt við, og um tilvik sem þetta

7. Kærandi telur að þær staðhæfingar að „of miklar launahækkningar hafi leitt til verðbólgu“ sem birtist í umræddri auglýsingaherferð brjóti hugsanlega gegn lögum nr. 57/2005. Leiði það af því að þær séu bersýnilega rangar, auk þess að vera beinlínis villandi. Í fyrsta lagi feli staðhæfingin í sér að launahækkningar hafi verið „of“ miklar þrátt fyrir að í sömu andrá sé fullyrt að þær „hafi orðið að engu“. Þetta telur kærandi þversagnakennt. Nær væri að segja að fyrst launahækkningar hafi orðið að engu hafi þær varla verið nægjanlegar. Þá fylgi ekki heldur nein skilgreining á því hversu miklar launahækkningar séu „of miklar“ eða hvað teldust hæfileg viðmið að þessu mati auglýsanda.
8. Í öðru lagi telur kærandi að staðhæfingin feli í sér þá fullyrðingu að launahækkningar leiði til verðbólgu. Þetta sé rangt og vísar kærandi máli sínu til stuðnings til umfjöllunar á Vísindavef Háskóla Íslands. Að mati kæranda sé augljóst sé að það séu kaupmenn og verslunarfyrirtæki sem taki ákvarðanir um verðhækkningar á neysluvörum en ekki launþegar eins og gefið sé í skyn í umræddri auglýsingu. Einnig sé augljóst að verðlag á fasteignamarkaði sé ekki ákvarðað af launþegum og þá sér í lagi af þeim sem leigja það húsnæði sem þeir búa í. Þá orsakist verðbólga einnig af offjölgun króna í umferð og verðtryggingu útlána.
9. Í kvörtun kemur fram að ekki megi skilja undan þau áhrif sem skattar og ýmis opinber gjöld hafi á verðlag, en ljóst sé að margir þeirra þátta sem vísitala neysluverðs mæli ráðist beint eða óbeint af ákvörðunum sem teknar séu af stjórnvöldum og öðrum opinberum aðilum. Nefna megi áfengi og eldsneyti sem dæmi um vörflokka þar sem verðlagning ráðist að miklu leyti af opinberum gjöldum sem lagðar séu á slíkar vörur. Þá sé ýmis opinber þjónusta verðlögð beint af hinu opinbera og hafi sem slík bæði bein og óbein áhrif á vísitölu neysluverðs. Augljóslega séu slíkar ákvarðanir, sem geti haft í för með sér verðbólgu, ekki teknar af launþegum heldur embættismönnum eða löggjafanum.
10. Kvartandi telur að fyrrgreindar fullyrðingar í umræddri auglýsingu, sem ekki sé unnt að færa sönnur á, brjóti gegn fortakslausu banni 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 við slíkum markaðsháttum. Þá hafi umrædd auglýsing verið sýnd á þeim tímum dags sem búast megi við að börn og unglingar séu líklegt til að horfa á sjónvarp, auk þess sem hún hafi verið aðgengileg á vefsíðu auglýsanda án nokkurra takmarkana. Slíkt brjóti einnig gegn 2. mgr. 7. gr. sömu laga, þar sem alvarlegar rangfærslur í auglýsingunni séu til þess fallnar að grafa undan fjármálalæsi komandi kynslóða. Að auki telur kærandi að umrædd háttsemi kunni einnig að brjóta gegn 2. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005 um villandi viðskiptahætti þar sem ekki sé greint frá upplýsingum sem telja megi að að almennt skipti máli fyrir neytendur, en slík háttsemi sé bönnuð samkvæmt 5. gr. sömu laga.
11. Í ljósi þess var í kvörtun farið þess á leit við Neytendastofu að lagt yrði bann við hinum umkvörtuðu markaðsháttum sbr. 2. mgr. 21. gr. b laga nr. 57/2005. Þá var þess óskað að

Neytendastofa athugaði hvort rétt væri að leggja á stjórnvaldssektir skv. 22. gr. laganna. Að mati kæranda væri um að ræða brot gegn stórfelldum hagsmunum meirihluta alls almennings og væri umfang þess verulegt. Umrædd auglýsing hefði verið sýnd ótal sinnum á sjónvarpsrásum auk þess að vera birt sérstaklega á opnu vefsvæði.

12. Með bréfi, dags. 10. desember 2013, óskaði Neytendastofa eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins vegna erindis kæranda. Svar Samtaka atvinnulífsins barst með bréfi, dags. 17. desember 2013. Þar kemur fram að samtökin séu heildarsamtök íslenskra atvinnurekenda og séu því skilgreind sem frjáls félagasamtök. Hlutverk þeirra sé m.a. að annast gerð kjarasamninga fyrir hönd aðildarfyrirtækja, annast samskipti við stéttarfélög í tilefni ágreiningsmála, veita fræðslu og taka þátt í stefnumótun og opinberri umræðu á öllum sviðum er snerti atvinnulífið. Þau veiti sérhæfða ráðgjöf og upplýsingar og sinni erlendu samstarfi. Aðildarfyrirtæki greiði félagsgjöld til samtakanna og geti aðild m.a. veitt rétt á fræðslu og aðstoð. Samtökin hafi á hinn bóginn ekki með höndum atvinnustarfsemi, þ.e. neins konar framleiðslum sölu á vöru eða þjónustu sem sé skilyrði fyrir beitingu laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna. Falli stafsemi samtakanna því utan gildissvið laganna. Þar að auki sé sérstaklega tekið fram í 2. mgr. 1. gr. laganna að þau taki ekki til launa eða annarra starfskjara launþega samkvæmt kjarasamningum en umfjöllun um launahækkunar og áhrif þeirra sé einmitt megininntak kvörtunar þeirrar sem fyrir liggir. Samtökin telji því að vísa beri kvörtun kæranda frá af þeirri ástæðu.
13. Þá segir í bréfi Samtaka atvinnulífsins að auglýsing sú er kvörtunin lúti að sé í svokölluðum „infographics“-stíl. Yfirbragð slíkra auglýsinga sé jafnan einfalt, enda sé þessi framsetning vinsæl þegar ætlunin sé að koma flóknum upplýsingum á framfæri með fljótlegum og skýrum hætti. Í auglýsingunni hafi verið sett fram staðreyndir sem byggðar séu á opinberum gögnum um launa- og verðlagsþróun hér á landi og á Norðurlöndunum. Þar hafi einnig verið sett fram á myndrænan hátt greining Seðlabanka Íslands á því hver þróunin gæti orðið hér á landi ef árlegar launahækkunar yrðu minni en hingað til hefði verið raunin. Hafi þannig verið leitast við að draga fram staðreyndir um skaðsemi verðbólgu. Tilgangurinn með birtingu auglýsingarinnar hafi verið að stuðla að fræðslu og upplýstri umræðu um samspil launahækkana, verðbólgu og kaupmáttar launa.
14. Í bréfi Samtaka atvinnulífsins kemur fram að þótt samtökin og umfjöllunarefni auglýsinganna féllu undir gildissvið laga nr. 57/2005 væri fullyrðingum kæranda um inntak auglýsingarinnar hafnað. Vísað er til þess að þær staðhæfingar sem fram komi í auglýsingunni styðjist við upplýsingar sem fram hafi komið frá Seðlabanka Íslands. Þá er því hafnað að 2. mgr. 9. gr. laganna geti átt við, enda beinist auglýsingarnar ekki að neytendum og sé ekki ætlað að stuðla að því að þeir sem á þær horfi eigi viðskipti.
15. Loks hafna Samtök atvinnulífsins þeim kröfum sem fram koma í kvörtun kæranda. Auk framangreinds hafna samtökin því að umræddar auglýsingar geti með nokkrum hætti verið brot gegn stórfelldum hagsmunum alls almennings eins og haldið sé fram af hálfu kæranda. Er

Í þessu sambandi bent á að auglýsingin hafi einungis verið sýnd á tímabilinu 20. til 24. nóvember 2013 og alls í um 15 skipti.

ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU

16. Hinn 12. júní 2014 tók Neytendastofa hina kærðu ákvörðun. Þar er komist að þeirri niðurstöðu að vísa erindi kæranda til Neytendastofu frá stofnuninni.
17. Í ákvörðuninni er vísað til þess að Samtök atvinnulífsins séu frjáls félagasamtök sem stundi ekki viðskipti heldur annist gerð kjarasamninga fyrir hönd aðildarfélaga, samskipti við stéttarfélög í tilefni ágreiningsmála, veiti fræðslu og taki þátt í stefnumótun og opinberri umræðu á öllum sviðum sem snerti atvinnulífið. Neytendastofa telji að hinar umkvörtuðu auglýsingar samtakanna snúi ekki að kynningu á vöru, þjónustu eða réttindum sem séu neytendum til kaups og þá hvorki fyrir hönd samtakanna né einstakra aðildarfélaga innan þeirra. Því telji Neytendastofa einsýnt að auglýsing sú sem kvörtun kæranda lúti að falli ekki undir ákvæði laga nr. 57/2005. Var erindi kæranda því vísað frá frekari meðferð Neytendastofu.

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU

18. Í kæru, dags. 7. júlí 2014, er þess farið á leit við áfrýjunarnefndina að tekin verði afstaða til þess hvort auglýsing sú er upphafleg kvörtun kæranda til Neytendastofu laut að falli undir gildissvið laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Í kæru er rakið að skömmu eftir að kærandi beindi kvörtun sinni til Neytendastofu hafi birtingu auglýsingarinnar í fjölmiðlum verið hætt. Nokkru síðar hafi þess í stað birst auglýsingar af hálfu Samtaka atvinnulífsins þar sem ýmsir aðilar, þar á meðal opinberir aðilar og seljendur vöru og þjónustu, hafi verið hvattir til þess að leggja lóð sín á vogarskálarnar til að halda aftur af verðbólgu með því að stilla verðhækkunum í lágmark. Með þessu megi segja að Samtök atvinnulífsins hafi tekið undir með kæranda og í raun viðurkennt að það séu öðru fremur verðákvarðanir seljenda vöru og þjónustu, auk álagðra skatta og gjalda af hálfu opinberra aðila, sem hafi áhrif á verðlagsþróun og verðbólgu. Þannig sé e.t.v. hægt að segja að leyst hafi verið að stóru leyti úr kvörtunarefninu ekki sé frekari ástæða til að aðgerða.
19. Á hinn bóginn telur kærandi að mikilvægt sé að leyst sé úr því hvort sú auglýsing sem kvörtun hans laut að falli undir gildissvið laga nr. 57/2005. Það sé ekki ásættanlegt að samtök atvinnurekenda sem sjálfir falli undir gildissvið umræddra laga í viðskiptaháttum sínum og markaðssetningu séu undanþegin þeim sömu lögum og skilyrðum þeirra um eðlilega og heilbrigða markaðshætti. Aðildarfyrirtæki þeirra félaga sem tilheyri Samtökum atvinnulífsins falli undir lög nr. 57/2005 og séu jafnframt meðal þeirra sem geti raunverulega haft áhrif á verðbólgu með ákvörðunum sínum.

20. Kærandi telur að eins og auglýsingar geti verið til þess fallnar að draga upp ákveðna ímynd í tengslum við tiltekna vöru eða þjónustu sem sé til sölu, í því skyni að markaðssetja hana, sé að sama skapi hægt að draga upp ímyndir sem séu til þess fallnar að færa ábyrgð á tilteknum meinsemdum frá tilteknum aðilum yfir á aðra. Flestir séu sammála um að verðbólga sé landlægt þjóðfélagsmein á Íslandi og megi því færa rök fyrir því að neikvæð ímynd gæti verið tengd þeim sem álitnir séu orsakavaldar hennar. Með því að draga upp þá ímynd að verðbólgu megi rekja til þess hvernig laun á almennum vinnumarkaði hafi þróast, þyki kæranda sem leitast hafi verið að varpa ábyrgð á aðra en þá sem raunverulega orsaki verðbólgu, þar á meðal seljendur vöru og þjónustu sem eðli málsins samkvæmt geti átt við um stóran hluta aðildarfélaga Samtaka atvinnulífsins.
21. Að mati kæranda sé það ekki ásættanleg niðurstaða að samtök atvinnurekenda, sem sjálfir falli undir lög nr. 57/2005, teljist undanþegin gildissviði laganna. Væri það raunin mætti sjá fyrir sér að atvinnurekendur sem hygðust stunda óréttmæta viðskiptahætti gætu þá einfaldlega myndað með sér samtök, sem með því að styðjast við sömu túlkun á grundvelli jafnræðissjónarmiða, gætu hafið óréttmæta markaðssetningu fyrir hönd aðildarfyrirtækja sinna, til dæmis með því að draga upp falska ímynd af þeim vörum eða þjónustu sem um sé að ræða, eða miðla villandi upplýsingum til neytenda, án þess að hægt væri að stemma stigu við slíku athæfi á grundvelli umræddra laga. Liggi í augum uppi að hætta væri á að lög sem þessi næðu ekki tilgangi sínum, ef unnt yrði að fara framhjá þeim með þessum hætti.
22. Með bréfi, dags. 19. júlí 2014, óskaði áfrýjunarnefnd neytendamála eftir umsögn Neytendastofu um kærana. Neytendastofa svaraði með greinargerð, dags. 31. júlí 2014, þar sem þess er krafist að málinu verði vísað frá kæruneftinni þar sem kærandi eigi ekki kærnaðild. Til að eiga kærnaðild verði að líta til viðurkenndra sjónarmiða stjórnsluréttarins um að aðili verði að hafa beinna, verulegra, sérstakra og lögvarinna hagsmuna að gæta af úrlausn máls. Kærandi sé hópur manna sem starfi að hagsmunum neytenda og hafi því einungis almennra hagsmuna að gæta af úrlausn málsins sem geri hann ekki sjálfkrafa að aðila málsins. Þá er bent á að ekki sé um að ræða kærna vegna efnislegs ágreinings heldur almenna fyrirspurn um túlkun á gildissviði laga nr. 57/2005. Að mati Neytendastofu heyrir slíkar fyrirspurnir ekki undir áfrýjunarnefnd neytendamála. Til vara er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar. Þar hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að auglýsingar Samtaka atvinnulífsins féllu ekki undir gildissviði laga nr. 57/2005. Við mat á því hvort háttsemi falli undir gildissviðið þurfi að líta til ýmissa samverkandi þátta og meta heildstætt í hverju tilviki fyrir sig. Í hinni kærðu ákvörðun hafi meðal annars verið litið til þess að í umræddri auglýsingu hafi ekki verið kynntar vörur, þjónusta eða réttindi sem væru neytendum til kaups, hvorki fyrir hönd samtakanna né einstakra aðildarfélaga innan þeirra. Heildstætt mat á þessum þáttum leiddi til að auglýsingin, eins og hún hefði verið sett fram, félli ekki undir ákvæði laganna.

23. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála til kæranda, dags. 2. september 2014, var honum boðið að koma að athugasemdum sínum við umsögn Neytendastofu. Kærandi brást við umsögninni með bréfi, dags. 23. september 2014. Þar er því mótmælt að málinu verði vísað frá áfrýjunarnefndinni. Til þess að leysa úr kröfu kæranda verði áfrýjunarnefndin að leysa úr því hvort kærandi hafi lögvarða hagsmuni í málinu. Ekki síst með tilliti til þess að ef ekki verði fallist á „aðild að slíkum hagsmunum“ gæti að öðrum kosti þurft að fallast á aðalkröfu Neytendastofu um frávísun. Þannig hljóti úrlausn um þetta að vera nauðsynleg til að komast að niðurstöðu, þar á meðal um þá kröfu sem Neytendastofa geri sjálf í málinu. Það virðist því ekki vera umflúið að leysa úr þessu þessu atriði til þess að komast að niðurstöðu í málinu.
24. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála til Samtaka atvinnulífsins, dags. 24. september 2014, var samtökunum gefinn kostur á að taka afstöðu til kærunnar. Það gerðu samtökin með bréfi dags. 7. október 2014. Þar eru ítrekuð þau sjónarmið sem samtökin höfðu uppi við meðferð málsins hjá Neytendastofu. Varðandi þær hugmyndir sem fram komi í kæru um að fyrirtæki geti bundist samtökum í þeim eina tilgangi að markaðssetja vöru og þjónustu með óréttmætum hætti sé bent á að slíkt samtarf myndi fela í sér alvarlegt brot á samkeppnislögum og séu slíkar bollaleggingar því í besta falli fjarstæðukenndar.
25. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála til kæranda, dags. 10. október 2014, var honum gefinn kostur á að tjá sig um bréf Samtaka atvinnulífsins. Kærandi brást við með bréfi dags. 25. október 2014. Telur hann afstöðu Samtaka atvinnulífsins styðji fyrri athugasemdir kæranda, enda samrýmist það ekki markmiðum um góða viðskiptahætti að samtök atvinnurekenda beri fram málf lutning opinberlega sem eigi ekki við rök að styðjast, og enn síður í skjóli þess að samtökin sjálf stundi ekki atvinnustarfsemi í eiginlegum skilningi. Kærandi segist taka undir það sjónarmið sem kærandi telji koma fram í bréfi Samtaka atvinnulífsins um að það framferði sem málið lúti að brjóti gegn samkeppnislögum. Loks er tekið fram að Samtök atvinnulífsins hafi hvergi í athugasemdum sínum hreyft við því sjónarmiði sem fram komi í greinargerð Neytendastofu, að kærandi geti ekki átt aðild að máli fyrir áfrýjunarnefnd neytendamála. Verði því að líta svo á að samtökin samþykki athugasemdalaust aðild kæranda.

NIÐURSTAÐA

26. Í máli þessu er deilt um þá ákvörðun Neytendastofu að vísa frá kvörtun kæranda vegna auglýsingar Samtaka atvinnulífsins sem bar yfirskriftina „Betri líf skjör“.
27. Í kvörtun kæranda til Neytendastofu var þess farið á leit að Neytendastofa legði bann á grundvelli 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu við birtingu auglýsingu Samtaka atvinnulífsins með framangreindri yfirskrift þar sem fullyrt væri að „of miklar launahækkningar hafi leitt til verðbólgu“. Þá var þess óskað að Neytendastofa „athugaði“ hvort rétt væri að leggja stjórnvaldssektir á Samtök atvinnulífsins samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/2005.

28. Áfrýjunarnefnd neytendamála starfar samkvæmt 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu. Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar má skjóta stjórnvaldsákvörðunum til nefndarinnar sem teknar eru samkvæmt lögum um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu og öðrum lögum á málefnasviði Neytendastofu sé heimild til slíks að finna í þeim lögum.
29. Í 3. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005 er að finna heimildir til þess að kæra ákvarðanir Neytendastofu á grundvelli laganna til áfrýjunarnefnda neytendamála sbr. fyrrnefnda 4. gr. laga nr. 62/2005. Í umræddum ákvæðum er hvorki tekin afstaða til þess hverjum er heimilt að kæra umræddar ákvarðanir né hverjir eiga aðild að slíkum málum fyrir nefndinni. Við mat á því hvort kærandi getur notið kæruaðildar verður því að líta til viðurkenndra sjónarmiða stjórnisýsluréttar. Samkvæmt þeim gildir sú almenna regla að við afmörkun á því hver geti talist aðili máls hefur úrslitabýðingu hvort hlutaðeigandi eigi beinna, verulegra, sérstakra og lögvarinna hagsmuna að gæta. Hefur í því sambandi verið gengið út frá því að meta þurfi heildstætt hversu verulegir hagsmunirnir séu og hversu náið þeir tengist úrlausn málsins. Þannig er á því byggt að þegar mjög margir eða nánast allir eiga sambærilegra hagsmuna að gæta af úrlausn máls eru hagsmunirnir flokkaðir sem almennir og því ekki til þess fallnir að skapa aðilastöðu í máli. Þá skapa afskipti sem byggjast á hagsmunum sem sprottin eru af lífs- eða stjórnsmálaskoðunum ekki aðilastöðu, enda teljast slíkir hagsmunir ekki lögvarðir. Loks er ljóst að kvörtun til eftirlitsstjórnvalds, án frekari tengingar við úrlausn máls, skapar ein og sér ekki aðilastöðu, heldur veltur matið á því hvort fullnægt sé áðurgreindum skilyrðum um beina, verulega, sérstaka og lögvarða hagsmuni.
30. Þrátt fyrir að megintilgangur kæranda sé að vinna að hagsmunum neytenda, og að kærandi geti þannig sem slíkur látið mál er varða neytendur til sín taka á opinberum vettvangi, getur það ekki vikið til hliðar almennum reglum um nauðsyn lögvarinna hagsmuna til þess að kæranda sé unnt að fá úrlausn eftirlitsstjórnvalds um ætluð brot gegn ákvæðum laga. Í máli þessu er deilt um ætluð brot Samtaka atvinnulífsins á ákvæðum laga nr. 57/2005. Án tillits til þess hvort sú háttsemi samtakanna sem deilt er um falli undir gildissvið nefndra laga skortir á það grundvallarskilyrði að kærandi hafi nægjanlega sérstaka eða lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins. Er í því sambandi vísað til þess sem að framan greinir um að almennir hagsmunir hóps manna skapa ekki aðilastöðu í máli, en leggja verður til grundvallar að þótt menn sem ekki hafa aðilastöðu öðru jöfnu stofni samtök til þess að berjast fyrir ákveðnum hagsmunum öðlist samtökin ekki við það sjálfkrafa aðild að máli þar sem á þá hagsmuni reynir. Verður enda að liggja fyrir, í samræmi við framangreint, að fyrir hendi séu slíkir hagsmunir að leggja meg til grundvallar að niðurstaða viðkomandi máls hafi bein eða óbein áhrif á viðkomandi. Að mati áfrýjunarnefndar neytendamála verður ekki séð að svo sé í máli þessu, enda hefur úrlausn málsins engin áhrif á kæranda sjálfan að því undanskildu að yfirlýstur tilgangur hans er að vinna að hagsmunum neytenda. Í ljósi þessa, og með vísan til þess sem að framan greinir, verður máli þessu vísað frá áfrýjunarnefnd neytendamála.

ÚRSKURÐARORÐ:

Máli þessu er vísað frá áfrýjunarnefnd neytendamála.

Hildur Dungal

Egill Heiðar Gíslason

Halldóra Þorsteinsdóttir